

Mál nr. 146/2013
M og
Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar húsfélags

Bifreið varð fyrir tjóni þegar bílageymsluhurð fór niður þ. 4.2.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.10.4.2013 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 23.4.2013 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segist hafa verið að aka bifreið inn í bílageymslu og hafi annar bill verið á undan henna og hafi hún neyðst til að stöðva sinn bíl meðan billinn á undan fór inn í stæði og hafi síðan ekið af stað og þá hafi bílageymsluhurðin farið niður og skrapað toppinn á bifreið sinni. M krefst bóta og telur að skynjarar í bílageymsluhurðinni hafi verið settir svo lágt að þær skynji ekki jeppabifreiðar ef geislinn fer á milli dekkja og búið sé að hækka skynjarann í dag. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið sýnt fram á sök húsfélagsins og engin gögn lögð fram sem sýni að hurðin eða skynjararnir hafi ekki virkað með eðlilegum hætti. Þá telur V að bílageymsluhurðin standist allar kröfur sem til hennar séu gerðar. Þá telur V að sú staðreynd að skynjarar hafi verið færðir til sannni ekki að um saknæma eða ólögmmæta háttsemi hafi verið að ræða af hálfu húsfélagsins.

Álit.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu sem staðreyna þá staðhæfingu M að umrædd bílageymsluhurð hafi verið haldin ágalla í umrætt sinn eða hún vanbúin þannig að húsfélagið beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu húsfélagsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjúsfélagsins hjá V.

Reykjavík 14.5.2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.